

## Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla

Mættir voru á aðalfundinn úr stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla: Kristján Geirsson, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Helga Erla Albertsdóttir. Á fundinn mættu auk stjórnar foreldrar/forráðamenn 3 barna í Heiðarskóla.

Heiðarskóli 7. júní 2021 kl. 19:30. Aðalfundur

---

### Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla stjórnar
5. Skýrsla gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning nýrrar stjórnar og skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

#### 1. Fundur settur

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla var settur af Kristjáni Geirssyni formanni foreldrafélagsins.

#### 2. Kosning fundarstjóra

Arnar Stefánsson var kosinn fundarstjóri.

#### 3. Kosning fundarritara

Helga Erla Albertsdóttir var kosin fundarritari.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Kristján Geirsson formaður Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir ársskýrslu stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 2020-2021. Í yfirferðinni var gerð grein fyrir störfum stjórnarinnar sem tilgreind eru í ársskýrslunni. Skýrsla stjórnar var samþykkt.

#### 5. Skýrsla gjaldkera

Inga Brynja Magnúsdóttir gjaldkeri Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir rekstrarreikning félagsins skólaárið 2020-2021.

Tilnefndir skoðunarmenn Gísli A Jónasson og Elísabet Björnsdóttir höfðu ekki yfirfarið rekstrarreikning skólaársins 2020-2021 þegar fundur var haldinn og munu yfirfara reikninginn á næstu dögum.

Rekstrarreikningur Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2020-2021 var borinn upp til samþykktar á aðalfundinum með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna og var reikningurinn samþykkt af öllum aðilum fundarins með þeim fyrirvara.

## 6. Lagabreytingar á lögum félagsins.

Engar breytingar á lögum félagsins.

## 7. Kosning stjórnar og kosning skoðunarmanna reikninga

**Stjórn:** Aðilar í stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2020-2021 voru Kristján Geirsson, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnar Stefánsson, Arnbjörg Heiðudóttir og Helga Erla Albertsdóttir.

Arnar og Inga Brynja bjóða sig fram til áframhaldandi setu í stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla næsta skólaár. Nýir aðilar í stjórn félagsins eru Sigrún Gróa Magnúsdóttir, Elsa Þóra Eggertsdóttir og Svanur Árnason.

Framangreindar tillögur bornar upp og samþykktar.

**Skoðunarmenn:** Samþykkt með fyrirvara að skoðunarmenn reikninga yrðu Gísli A. Jónasson og Elísabet Lovísa Björnsdóttir.

## 8. Önnur mál

Kristjáni Geirssyni formanni foreldrafélagsins var færður blómvöndur sem þakklæti fyrir störf hans í foreldrafélaginu en hann hefur verið í stjórn foreldrafélagsins í 18 ár og þar af meirihluta tímans sem formaður.

Kristján Geirsson þakkaði fyrir tímamann í foreldrafélaginu og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Aðalfundi var slitið kl 20:15.